

54. fundur

Skipulags- og byggingarnefnd hélt fund þriðjudaginn 13. janúar 2004 í fundarsal ráðhússins kl. 18:15.

Mætt voru: Gretar D. Pálsson, formaður.
Dagný Þórisdóttir,
Guðmundur Kristinsson,
Þorgrímur Kristinsson,
Þorbergur Bæringsson, slökkviliðsstjóri,
Sveinn Björnsson, byggingarfulltrúi.

Formaður setti fund og stýrði.

1. Smiðjustígur 2a. Breytt notkun á húsnæði.
Baldur Þorleifsson fh. Narfeyri óskar eftir því að skráningu á Smiðjustíg 2a, verði breytt úr “vörugeymslu” í “íbúð”.
Erindinu hafnað vegna ónægra upplýsinga.
2. Aðalgata 8. Viðbygging.
Prins Valiant ehf. kt.691003-2480 sækir um leyfi fyrir viðbyggingu við Aðalgötu 8.
Teikningar lagðar fram, hönnuður Ársæll Vignisson kt. 101255-3369.
Erindinu frestað.
3. Nöfn á götum.
 - a) Lagt er til að gata út frá Laufásvegi, verði hluti Laufásvegar.
 - b) Sumarhúsabyggð.
Tillaga barst frá Davíð Sveinssyni og Kristjáni Gunnlaugssyni, þar sem kemur fram að svæðið sem á að byggja á heitir “ Arnarhreiðursflói” og leggja þeir til “Arnarhreiður”, “Arnarborg(ir)”, “Arnarflói”.
Samþykkt er að vinna út frá þessum hugmyndum.
4. Önnur mál.
 - a) Stykkishólmsbær óskar eftir heimild til niðurrifs á skúr við Nesveg 11.
Erindið samþykkt.
 - b) Rætt um gáma og staðsetningu þeirra.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.
Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:50.

Gretar D. Pálsson,(sign.),
Dagný Þórisdóttir,(sign.),
Guðmundur Kristinsson,(sign.),
Þorgrímur Kristinsson,(sign.),
Sveinn Björnsson,(sign.),
Þorbergur Bæringsson,(sign.).